132 tekjur af Hallormsstaðarprestakalli, sbr. landshöfðingjabrjef frá 23. oktbr. 1885
26. ágúst. (Stj.tíð. 1885, B, bls. 137—138).

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um það, er þjer þannig hafið tekið fram, og fellst á ástæður þær, sem framannefnt landshöfðingjabrjef er byggt á, að því leyti er snertir það atriði, er hjer er um að ræða, verður að svara neitandi fyrirspurn þeirri, er hjer liggur fyrir.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

133 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa**
27. ágúst. **prestakalli.** Samkvæmt beiðni prestsins á Helgastöðum, sjera Pjeturs Helga Hjálmarssonar og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. maí þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2250 kr. embættislán upp á tekjur Helgastaðaprestakalls í Suðurþingeyjar prófastdsæmi til að koma upp á prestssetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum brunnu í eldsvoða 21. febr. f. á., en sem voru orðin mjög hrörleg, vönduðu timburhúsi 12×12 álnir að flatarmáli, tvíloptuðu, 9 álna háu undir ris, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Suðurþingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgað meira en helmingur lánsins fyr en sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð á 28 árum frá lántökudegi að telja, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3000 krónum að minnsta kosti, *að* sannað verði, hvenær sem krafizt er, að húsinu sje vel viðhaldið, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Hjer með er úr gildi fellt lántökuleyfi það, handa nefndum presti, sem veitt er með brjefi mínu 28. maí f. á. (Stj.tíð. 1896. B, bls. 74).

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

134 **Brjef landshöfðingja** *til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa**
27. ágúst **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Arnarbæli í Ölfusi, síra Ólafs Ólafssonar og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl þ. á., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 3000 króna embættislán uppá tekjur Arnarbælisprestakalls í Árnesprófastsdæmi til þess að byggja á prestssetrinu tvíloptað íbúðarhús úr timbri 12×12 álnir, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göfl-